

samninga, dags. 26. ágúst 1939 og 15. júlí 1941, þar sem hinir síðar-nefndu tóku að sér byggingu raforkuvers fyrir hreppinn við Garðsá í Ólafsfirði, ásamt raforkuveitu til Ólafsfjarðarkauptúns og lágspennukerfi um kauptúnið, og skyldu stefnendur fá 288 þús. kr. fyrir verkið, en jafnframt var gert ráð fyrir því, að sérstök tilvik gætu valdið hækkun á þessari fjárhæð. Telja stefnendur, að þeir hafi heimild til að krefjast slíkrar hækkunar, og er mál þetta höfðað til greiðslu þeirrar viðbótar. — Í nefndum samningi aðiljanna er ekkert ákvæði um varnarþing.

Í máli þessu krefja stefnendur stefnda um andvirði efnis og vinnu, sem þeir hafa látið í té samkvæmt áðurnefndum samningum. Það er óvæfengt, að hvor stefnenda hefur hér í bæ heimilisfasta verzlun og starfstofu, sem lætur í té efni og vinnu, eins og hér var um að ræða, enda mun og slíkt vera atvinna stefnenda. Verður því að telja, að fullnægt sé ákvæðum 82. gr. einkamálaganna til þess að höfða megi mál þetta hér fyrir dómi, og verður frávisunarkrafan því ekki tekin til greina.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreind frávisunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 6. marz 1944.

Nr. 3/1944. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

**Finnboga Ólafssyni** (Eggert Claessen).

Ölvun við bifreiðaakstur.

### Dómur hæstaréttar.

Með játningu kærða, sem styðst við framburð Jóns Ólafssonar eftirlitsmanns bifreiða og Hermanns Magnússonar, sem leiddur hefur verið fyrir rétt, eftir að dómur gekk í héraði, er það sannað, að kærði ók bifreið með áhrifum áfengis hinn 23. júní f. á. Með atferli þessu hefur kærði brotið 21. gr. sbr. 39. gr. laga nr. 33/1935 og 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23 frá 1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Þá ber og samkvæmt 39. gr. síðar greindra laga að svipta kærða rétti til að aka bifreið 6 mánuði.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Það er athugavert, að héraðsdómari hlutaðist ekki til um, áður en hann dæmdi málið í héraði, að aflað væri fyrir dómi skýrslu Hermanns Magnússonar um málsatvik.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærði, Finnbogi Ólafsson, sæti 10 daga varðhaldi. Svo er hann og sviptur rétti til að aka bifreið 6 mánuði.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Eggerts Claessens, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur lögregluréttar Árnassýslu 7. sept. 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 7. september kl. 2 e. h., var í lögreglurétti Árnassýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Selfossi af hinum reglulega dómara, Páli Hallgrímssyni, kveðinn upp dómur í lögregluréttarmálinu nr. 3/1943: Valdstjórnin gegn Finnboga Ólafssyni, Hólmavík á Selfossi. Málið er höfðað gegn kærða fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og er dómtekið nú samdægurs.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 31. marz 1920 í Árbæ í Ölfusi, og hefur hann ekki sætt refsingu áður, svo kunnugt sé. Kærður fékk ökuréttindi 24. júní 1942. Þann 24. júní 1943 ók hann bifreið sinni, X—106, frá Reykjavík austur að Álftavatni, þaðan að Selfossi og síðan í þorpínu á Selfossi. Samferða kærðum var Hermann Magnússon úr Reykjavík, og höfðu þeir meðferðis eina flösku af brennivini, sem þeir höfðu tæmt að mestu, þegar bifreiðaeftirlitsmaður, sem staddur var á Selfossi, rakst á kærðan með bifreiðina á götu og tók hann til yfirheyrslu. Hefur kærður kannast við að hafa neytt áfengis á leiðinni úr Reykjavík að Selfossi og að lokum ekið bifreiðinni undir áfengisáhrifum.

Kærður hefur með þessu brotið gegn 21. sbr. 39. kr. áfengislaga nr. 33/1935 og 23. sbr. 39. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941. Þykir refs-

ing hans hæfilega ákveðin 400 kr. sekt, sem afplánist með 8 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Enn fremur ber að svipta kærðan ökuréttindum í 3 mánuði frá lögbirtingu dómsins að telja. Hann greiði einnig allan kostnað málsins.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Kærður, Finnbogi Ólafsson, greiði 400 króna sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann skal og sviptur réttindum til þess að stjórna bifreið um 3 mánaða skeið frá lögbirtingu dómsins að telja. Hann greiði og allan sakarkostnað. Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. marz 1944.

Nr. 4/1944. **Réttvísing og valdstjórnin**

(Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

**Magnúsi Björgvin Sveinssyni**

(Gunnar J. Möller).

Gálauslegur akstur bifreiðar og bifreiðarslys.

**Dómur hæstaréttar.**

Brot ákærða, sem réttilega er lýst í héraðsdómi, voru drýgð meðan lög nr. 70/1931 um bifreiðar voru enn í gildi. Með of hröðum og gálausum akstri í myrkri og þoku braut hann gegn ákvæðum 1. og 6. málgr. 6. gr. og 15. gr. þeirra laga. Greint hátterni ákærða varðar nú við 1., 4. og 5. málgr. 26. gr. gildandi laga um bifreiðar nr. 23/1941, og ber að ákveða refsingu samkvæmt 38. gr. þeirra laga, sbr. 2. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Hegðun ákærða varðar svö og við 219. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald. Þá þykir og rétt samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 70/1931 og 2. gr. hegningarlaga, að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið 2 ár frá birtingu dóms þessa.